



*Ástvinir þakka vináttu og samúð og bjóða
viðstöddum að þiggja veitingar í
safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju
að lokinni athöfn.*

Bálför fer fram síðar.

Prestur: Sr. Jón Ómar Gunnarsson
Organisti: Arnhildur Valgarðsdóttir
Kór: Söngfélagar við Fella- og Hólakirkju
Einsöngur: Hlödver Sigurðsson
Umsjón útfarar: Frimann og Hálfán - Útfararþjónusta

Pixel prentþjónusta



Hlíðar Kjartansson

Fæddur 19. ágúst 1947
Dáinn 14. febrúar 2022

Útför frá Fella- og Hólakirkju
miðvikudaginn 23. febrúar 2022

FORSPIL

SIGNING OG BÆN

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphefðin mín. Hljóma skal harpan mín: :,: Hærra, minn Guð, til þín, :,: hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut. Hljómi svo harpan mín: :,: Hærra, minn Guð, til þín, :,: hærra til þín.
---	---

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Matthias Jochumsson / Lowell Mason

RITNINGARLESTUR

Ég er á langferð um lífsins haf
og löngum breytinga kenni.
Mér stefnu frelsarinn góður gaf,
ég glaður fer eftir henni.
Mig ber að dýrlegum, ljósum löndum,
þar lífsins tré gróa’ á fögrum ströndum,
við sumaryl og sólardýrð.

Mitt skip er lítið, en lögur stór
og leynir þúsundum skerja.
En granda skal hvorki sker né sjór
því skipi’ er Jesús má verja.
Hans vald er sama sem var það áður,
því valdi’ er særinn og stormur háður.
Hann býður: “Verði blíðalogn!”

Lát akker falla! Ég er í höfn.
Ég er með frelsara mínum.
Far vel, þú æðandi dimma dröfn,
vor Drottinn bregst eigi sínum.
Á meðan akker í ægi falla
ég alla vinina heyri kalla,
sem fyrri urðu hingað heim.

Valdimar V. Snævarr / Tandberg

GUÐSPJALL

Lítill drengur

Vilhjálmur Vilhjálmsson / Magnús Kjartansson

MINNINGARORÐ

Söknuður

Vilhjálmur Vilhjálmsson / Jóhann Helgason

BÆN

Í bljúgri bæn og þökk til þín
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinsson / Amerískt þjóðlag

FAÐIR VOR

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hana með sól að morgni
vekja hana með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hana með sól að morgni
þú vekur hana með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál
slit sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hún með sól að morgni
svo vaknar hún með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi’ í Jesú nafni,
í Jesú nafni’ eg dey,
þó heilsa’ og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti’ eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson / H. Tomisöns sálmabók 1569

BLESSUN

EFTIRSPIL